

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
áttunda starfsárs 2010**

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	5
1. Inngangur	6
2. Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	6
a. Stjórn	6
b. Nýr forstöðumaður.....	6
c. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur	6
d. Fjármál.....	7
3. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2010	8
a. Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2010.....	9
b. Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagadeild HÍ	9
c. Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu	9
d. Rannsóknarborð í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum.....	10
e. Rannsóknir.....	11
f. Stjórn mála og stjórnsýsla –Veftímaritið – www.stjornmalogstjornsysla.is	12
g. Nýsköpun í opinberum rekstri og nýsköpun í þjónustu við aldraða.....	14
h. Evrópsk ráðstefna stjórn málafræðinga á Íslandi – ECPR.....	14
i. Vefur stofnunarinnar	14
Viðauki 1. Atburðir Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2010	15
Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar	15
Stjórn mála, lýðræði og samfélagsleg gildi.....	17
Alþjóðamál og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir.....	18
Lagarammi opinberrar starfsemi.....	18
Viðauki 2. Greinar birtar í Stjórn mála og stjórnsýsla-vefrit- 1. og 2. tbl. 6. árgangur 2010:	19

Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2010 er áttunda starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Starfsemi stofnunarinnar hefur á þessum tíma vaxið og stofnunin skapað sér mikilvægan sess sem forgönguaðili fræðilegrar umræðu og annarrar málefnalegrar rökræðu um opinbera stjórnsýslu og stjórn mála á Íslandi. Unnið hefur verið að margháttaðri fræðslu um þessi viðfangsefni, staðið hefur verið fyrir námsskeiðum, málþingum og ráðstefnum auk útgáfu tímaritsins *Stjórn mála og stjórnsýsla*. Auk þess hefur stofnunin komið að rannsóknum og þróunarstarfi sem tengd eru viðfangsefnum hennar. Verkefni þessi hafa verið unnin í samstarfi við fjölmarga aðila, jafnt innlenda sem erlenda fræðimenn, stjórnendur hins opinbera, embættismenn og stjórn málamenn. Með þessu hefur stofnunin unnið að því að brúa bil milli hagnýtrar og fræðilegrar umræðu um opinberrar stjórnsýslu.

Það er ekki síst vegna starfa tveggja aðila sem stofnuninni hefur vaxið fiskur um hrygg. Þetta eru þau próf. Gunnar Helgi Kristinsson og Margrét S. Björnsdóttir. Margrét lét af starfi forstöðumanns í upphafi árs 2010 en Gunnar sem formaður síðar á árinu en hann situr áfram sem meðlimur í stjórn stofnunarinnar. Eru þeim báðum þökkuð vel unnin frumkvöðlastörf. Um leið er nýr forstöðumaður, Ásta Möller, boðin velkomin til starfa.

Eins og sjá má á dagskrá þeirra 30 viðburða, sem haldnir voru á árinu 2010 og sóttir voru af á þriðja þúsund manns, tengist stór hluti viðfangsefna þeim málum sem hafa verið ofarlega á baugi í kjölfar hrunsins. Með þessu framlagi hefur stofnunin lagt sinn skerf af mörkum til fræðslu og málefnalegrar umræðu um opinbera stjórnsýslu og stjórn mála á tímum þegar mikið vantraust ríkir í garð lykilstofnana íslenska lýðræðissamfélagsins.

Ég vænti þess að starf stofnunarinnar muni á næstu misserum eflast enn frekar. Stefnt er að því að verkefni stofnunarinnar muni í meira mæli beinast að þróunarverkefnum á sviði nýsköpunar í opinberri stjórnun og rafrænni stjórnsýslu auk þess sem áfram verður unnið að því að efla tímarit stofnunarinnar. Stofnunin mun auk þess vinna að því að efla fjárhagsgrundvöll sinn.

Ég vil þakka Ástu Möller ánægjulegt samstarf á árinu, sömuleiðis stjórn stofnunarinnar og öðrum samstarfsaðilum.

Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor, formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

1. Inngangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hóf starfsemi sína í árslok 2002 og var árið 2010 því áttunda starfsár stofnunarinnar. Reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands nr. 546, 15. júní 2010 voru endurskoðaðar á árinu 2010 og eiga þær stoð í fyrri reglum um stofnunina. Þar segir um hlutverk stofnunarinnar að hún sé: „[...]rannsóknafraeðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

2. Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

a. Stjórn

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Í henni eiga sæti Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, Ómar H. Kristmundsson, prófessor, Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor, Trausti Fannar Valsson, lektor og Regína Ásvaldsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra. Sú breyting varð á starfsárinu að á haustdögum 2010 tók Ómar H. Kristmundsson við af Gunnari Helga Kristinssyni sem formaður stjórnar stofnunarinnar, en hann hafði gegnt formennsku í stjórn stofnunarinnar frá upphafi. Reglur stofnunarinnar voru endurskoðaðar og samþykktar á stjórnarfundum 31. maí 2010 og staðfestar af Háskólaráði 15. júní 2010. Breytingar á reglum stofnunarinnar voru í samræmi við breytingar á skipulagi HÍ og breyttum áherslum í starfi stofnunarinnar, sem samþykktar voru haustið 2009, auk þess sem hlutverki stofnunarinnar var nánar skýrt, m.a. á sviði nýsköpunar í opinberum rekstri og eflingu rannsókna.

b. Nýr forstöðumaður

Í janúar 2010 tók Ásta Möller MPA við starfi forstöðumanns stofnunarinnar af Margréti S. Björnsdóttur en hún hafði starfað sem forstöðumaður frá upphafi. Hún hafði ásamt stjórn stofnunarinnar byggt upp öflugt starf stofnunarinnar og stýrt henni með farsælum hætti. Margrét starfaði sem verkefnastjóri við stofnunina í 20% starfi til 31. ágúst 2010. Forstöðumaður er í fullu starfi. Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála fluttist með nýjum forstöðumanni úr Odda í húsnæði Félagsvísinda-stofnunar Háskóla Íslands í Gimli á aðra hæð. Aðrir starfsmenn eru ráðnir til tímabundinna verkefna eftir því sem ráðrúm og tilefni gefast til.

c. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála leggur sig fram um að leita samstarfs við þá sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála. Stofnunin er formlega rekin í samstarfi við Reykjavíkurborg og er það samstarf mikilvægur styrkur fyrir starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt hefur stofnunin víðtækt samstarf við

fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend eftir því sem tilefni gefast. Stofnunin er samstarfsveitvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum og eru þeir þar í samstarfi við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. ráðuneyti, stjórnsýslustofnanir eins og Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun og aðrar opinberar stofnanir en einnig stjórn málaflokka, stéttarfélag og önnur félagasamtök, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sem og erlend sendiráð. Jafnframt á stofnunin í samstarfi við kennara og fræðimenn í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðinga og sérfræðinga ráðgjafafyrirtækja, s.s. Capacent og fleiri m.a. vegna skipulagninga og framkvæmd málþinga, fræðslufunda, lengri og skemmri námskeiða um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Sérstaklega skal nefna samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana, en það hefur leitt af sér viðamikla og farsæla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Jafnframt hefur stofnunin átt gott og náið samstarf við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag stjórn málafræðinga, m.a. við skipulagningu á opnum viðburðum er varða áhugasvið aðila.

Stofnunin leggur áherslu á að horfa til annarra landa um stjórnsýslu og stjórn mála og hefur hún tekið þátt í margvíslegu samstarfi í þá veru. Á hverju ári koma m.a. til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, alþjóðasamtökum, stjórnsýslu og stjórn mála sem hafa haldið opna fyrirlestra á vegum stofnunarinnar.

Sem dæmi um samstarfsverkefni stofnunarinnar má nefna að á haustdögum 2010 átti stofnunin frumkvæði að umfangsmiklu samstarfi margra aðila vegna flutnings málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga um áramótin 2010-11. Þar starfaði stofnunin m.a. með Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum, Félagsvísindastofnun, viðkomandi ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en einnig hagsmunaaðilum, s.s. Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp. Afrakstur samstarfsins var m.a. málþing um flutning á málefnum fatlaðra á haustdögum 2010, sem um 350 manns sóttu, og rannsóknarverkefni um mat á faglegum ávinningi af flutningi málaflokksins milli stjórnsýslustiga (sjá síðar).

Eitt af samstarfsverkefnum stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar var skipulagning og stjórnun á starfsdegi þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í júní 2010 í tilefni af 5 ára afmæli þeirra. Verkefnið var að gera stöðumat á starfsemi þar sem lögð var áhersla á að draga fram reynslupekkingu þeirra sem þar starfa með því að beita aðferðafræði „*Appreciative inquiry*“, sem hefur verið þýdd „verðleikagreining“. Á starfsdeginum voru m.a. leiddir saman stjórnendur og fagstjórar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og háskólafrólak frá félagsvísindasviði og menntavísindasviði HÍ.

d. Fjármál

Stofnunin er rekin með sjálfsaflafé. Föst framlög til stofnunarinnar á árinu 2010 voru 2.5 milljónir króna. Að auki leggur Háskóli Íslands og stjórn málafræðideild stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu eins og bókhaldsþjónustu og uppgjörsvinnu, auk annars sem styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er aflað fjármagns til rekstrar með verkefnum sem stofnunin vinnur að, m.a. skipulagningu og umsjón með

málþingum og námskeiðum, rannsóknarverkefnum og öðrum verkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og styrkjum.

Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg rann út á árinu 2010, en borgin hefur verið samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og lagt stofnuninni til 2.5 milljónir króna árlega, en það hefur skipt sköpum um fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar. Samningur við Reykjavíkurborg var endurnýjaður í formi þjónustusamnings til tveggja ára 2011-2012.

Heildarvelta stofnunarinnar á árinu 2010 var um 17 milljónir króna. Rekstur stofnunarinnar var í jafnvægi á árinu. Frá fyrra ári eru uppgjör vegna umsýslu stofnunarinnar vegna verkefnsins DEMO-net enn í óvissu, en í árslok 2008 var verkefnið í 2.8 milljóna skuld við stofnunina vegna kostnaðar á árinu 2007-2008. Vonast er til að fundin verði lausn á málinu á árinu 2011, en að öðru leyti er vísað til ársskýrslu 2009 varðandi þetta efni.

3. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2010

Í reglum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála segir eftirfarandi um áherslur í starfi hennar:

„Hlutverk Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er:

- a. að efla framhaldsnám, starfsmenntun, rannsóknir og nýsköpun á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði innan stjórn málafræðideildar,
- b. að standa að samstarfs- og samræðuvettvangi fræðimanna (rannsóknarborð-hringborð rannsóknarverkefna) í þeim tilgangi að auka samstarf, efla rannsóknir og nýsköpun á fræðasviðum stjórn málafræðideildar,
- c. að aðstoða við öflun samstarfsaðila, öflun fjár, ráðgjöf, framkvæmd og utanumhald rannsóknarverkefna eftir atvikum í samvinnu við Félagsvísindastofnun,
- d. að efla tengsl milli fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands og forystumanna í þjóðlífi (stjórn málamanna, stjórnsýslunnar, forystumanna atvinnulífs og hagsmunasamtaka), m.a. með fundum, ráðstefnum og útgáfu,
- e. að stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála,
- f. að stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði,
- g. að veita ráðgjöf um stefnumótun vegna framhaldsnáms stjórn málafræðideildar,
- h. að halda utan um gagnasafn stjórn málafræðideildar,
- i. að sinna kynningarstarfi fyrir stjórn málafræðideild og veita framhaldsnemendum ýmsa þjónustu,
- j. að standa fyrir námskeiðahaldi, ráðstefnum og málþingum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og miðlun upplýsinga þar um,
- k. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna, m.a. ritröð um íslenska stjórn málafræði, umsjón með og útgáfu á tímaritinu Stjórn málafræði og stjórnsýsla,
- l. að skapa lífandi umræðuvettvang um stjórn málafræði og stjórnsýslu,
- m. að sinna þjónustu á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði fyrir félagsvísindasvið og aðra aðila, innan og utan Háskóla Íslands.“

Til þess að inna af hendi þessi viðamiklu verkefni hefur stofnunin haft samstarf við ótal marga aðila utan sem innan Háskóla Íslands. Gerð hefur verið grein fyrir þessu starfi hér að framan.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu 2010 en að auki eru ótalin mörg smærri verkefni.

a. Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2010.

Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópur þessarar fræðslu og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Þá stendur stofnunin fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórn málmál og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila, m.a. stofnanir og deildir innan HÍ, ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, ráðgjafafyrirtæki, stjórn málaflokka, Alþingi og félagasamtök. Á árinu 2010 voru haldnir um 30 slíkir atburðir og sóttu þá hátt á þriðja þúsund manns. (Sjá viðauka 1)

b. Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagadeild HÍ

Stofnunin hefur um árabil staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga um lög er varða stjórnsýsluna til að efla þekkingu þeirra á reglum stjórnsýslunnar. Þessi námskeið voru sett á laggirnar að frumkvæði Umboðsmanns Alþingis og hefur stofnunin notið stuðnings, liðveislu og hvatningar embættisins í því starfi. Námskeiðin eru jafnframt skipulögð í samstarfi við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna og Lagadeild Háskóla Íslands. Á árinu 2010 voru haldin þrjú námskeið og sóttu þau alls 140 manns. Eins og áður gafst fólki utan að landi kostur á að sækja námskeiðin í fjarfundabúnaði. Einnig voru allir fyrirlestrar teknir upp á myndband, sem gaf m.a. þátttakendum möguleika á að fylgja námskeiðinu þrátt fyrir forföll eða til upprifjunar síðar.

Þannig var á árinu 2010 haldið sex vikna námskeið um *Stjórnsýslurétt* í sjöunda skiptið. Umsjónarmaður og aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor og dr. nemi við lagadeild HÍ. Sjá viðauka 1. Þá kenndi Kjartan Bjarni Björgvinsson tvö námskeið, *Ráðning og starfslok starfsmanna opinberra stofnana* sem 40 manns sóttu og *Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996*.

c. Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu

Stofnunin hefur frá upphafi lagt áherslu á að styðja við, efla og þróa meistaranám í opinberri stjórnsýslu og hefur tekist vel til og nemendum fjölgað jafnt og þétt. Nemendur eru nú um 200 talsins. Þeir hafa ólíkan bakgrunn og margir þeirra eru í störfum innan stjórnsýslunnar samhliða námi. Stjórn málafræðideild hefur verið í fararbroddi að bjóða upp á fjarnám og hefur það sérstaklega gagnast nemendum í opinberri stjórnsýslu, en um 40 fjarnemar eru skráðir í námið og búa þeir utan höfuðborgarsvæðis og erlendis.

Á árinu 2009 var gerður samstarfsamningur milli fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stjórn málafræðideildar HÍ um þróun sérsniðins diplómanáms fyrir núverandi og verðandi stjórnendur hins opinbera. Námið hófst haustið 2009.

Vorið 2010 var síðan gerður samstarfssamningur um nýja námsleið fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu háskólaárið 2010-2011, sem er sérstaklega skipulögð með þarfir núverandi og verðandi stjórnenda í heilbrigðisþjónustu í huga sem vilja efla

stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem hluta af opinberum rekstri. Um 20 nemendur skráðu sig í þessa námsleið haustið 2010. Samstarfsaðilar Stjórn málafræðideildar innan HÍ um diplóma í opinberri stjórn sýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu eru Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Heilbrigðisvísindasvið HÍ, en samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands vegna námsins eru velferðarráðuneytið, Landspítalinn, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Stofnun stjórn sýslufræða og stjórnmála hafði forgöngu um þessar námsleiðir og annast framkvæmd samstarfssamninga vegna þeirra. Námsleiðirnar eru hluti af meistaranámsframboði Stjórn málafræðideildar og lúta þeim inntökuskilyrðum og námskröfum, sem þar eru gerðar, og enda með diplómaskírteini. Kjósi þeir að halda áfram námi og ljúka MPA gráðu fá þeir diplómanámið að fullu metið.

d. Rannsóknarborð í stjórn sýslu- og stjórnmálafræðum

Rannsóknarborð í stjórnmála og stjórn sýslufræðum tók til starfa snemma árs 2010, en það er samstarfsvettvangur kennara stjórnmálafræðideildar og doktorsnema deildarinnar.

Tilgangur rannsóknarborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir og nýsköpun á sviði opinberrar stjórn sýslu og stjórnmála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórn sýslu og stjórnmál og vera enn fremur vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu.

Hlutverk stofnunarinnar er utanumhald við rannsóknarborðið, styðja við fræðimenn í þáttum er varða undirbúning og framkvæmd rannsókna, s.s. tengsl við samstarfsaðila, upplýsingamiðlun um styrkjamöguleika, þróun sameiginlegra gagnagrunna, útvegum aðstöðu fyrir rannsóknarverkefni, umsjón starfsmannahalds. Jafnframt sér stofnunin um kynningu rannsókna og niðurstaðna þeirra meðal annars með útgáfu, fundum og ráðstefnum. Á árinu 2010 efldi Félagsvísindastofnun starfsemi sína um upplýsingamiðlun til kennara um styrkjamöguleika og vinnu við að safna saman upplýsingum um og auðvelda aðgang að gagnagrunnum á félagsvísindasviði en það varð til þess að styrkja þennan þátt í starfsemi rannsóknarborðsins.

Fundir rannsóknarborðs hafa að jafnaði verið haldnir um hádegisbil síðasta fimmtudag í mánuði. Eftirfarandi efni voru tekin til umfjöllunar:

25. febrúar 2010: Stofnfundur rannsóknarborðs. Rætt um tilgang, form og skipulag rannsóknarborðs, stuðning og þjónustu Stofnunar stjórn sýslufræða og stjórnmála við þátttakendur, umræður og hugarflug um hugsanleg verkefni, samstarfsaðila og fræðilega tengingu milli þátttakenda.

25. mars 2010: Rannsóknaráherslur kennara. Hvar eru samstarfs- og eða samlegðaráhrif? Hvernig má nýta betur lokaverkefni nemenda til að styðja áherslurnar? Möguleikar á Evrópustyrkjum til verkefna. Ásta Sif Erlingsdóttir og Ágúst Ingþórsson frá Vísindasviði HÍ sátu fundinn og ræddu hugmyndir út frá hugsanlega vannýttum Evrópustyrkjamöguleikum.

6. maí 2010: Rannsóknarskýrsla Alþingis. Hvernig geta fræðimenn Stjórn málafræðideildar nýtt og fylgt eftir efni og niðurstöðum rannsóknarskýrslu Alþingis með rannsóknum sínum? Samantekt á rannsóknaráherslum kennara og doktorsnema í rannsóknarborði.

26. ágúst 2010: Alþjóðleg tímarit í stjórn málafræði, áherslur þeirra og leiðir fræðimanna til að fá greinar birtar. Halldór Jónsson, sviðstjóri vísindasviðs, var gestur fundarins.

30. september 2010: Gagnagrunnar í félagsvísindum – söfnun upplýsinga um gagnagrunna sem félagsvísindafólk notar. Þátttakendur voru beðnir um að hafa tiltækar upplýsingar um þá gagnagrunna sem þeir hafa notað, hafa umráð yfir eða hafa átt hlut í að byggja upp. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, leiddi umræðuna.

28. október 2010: Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri **Datamarket.com, kynnti gagnagrunna um Ísland og möguleika hans fyrir fræðimenn.**

2. desember 2010: Ráðgjöf vegna umsókna á styrkjum. Kynning á nýju verkefni Félagsvísindastofnunar til að aðstoða fræðimenn Félagsvísindasviðs við að sækja um styrki til rannsókna sinna. Gunnar Þór Jóhannesson og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir voru gestir fundarins.

Stofnunin leitaði til kennara og doktorsnema stjórn málafræðideildar um að fá upplýsingar um rannsóknaráherslur þeirra. Unnin var fyrirmynd að slíkum upplýsingum til að gæta samræmis þar sem óskað var lýsingar á rannsóknaráherslum, yfirstandandi verkefnum og verkefnum sem væru í farvatninu þar sem m.a. kæmi fram lýsing á verkefninu, samstarfsaðilar, vinnslutímabil verkefnisins, flokkun á verkefninu og hvernig birtingu yrði háttað (ritgerð, bók, kafli í bók, skýrsla, fyrirlestur á ráðstefnu o.fl.) Upplýsingarnar eru birtar á vef stofnunarinnar á þessari slóð:

http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/rannsoknaraherslur_fraedimanna

Fyrsta starfsári rannsóknarborðsins var fyrst og fremst varið til að koma á samræðum milli fræðimanna og miðlum upplýsinga þeirra á milli og út á við um rannsóknarsvið þeirra. Jafnframt voru umræður og kynningar á stuðningi sem þeim stendur til boða til að efla rannsóknir og samstarf um rannsóknir í stjórn málafræði. Þá var markvisst unnið að því að kynna fræðimönnum stuðning, tæki og tól sem eru til þess fallin að styðja við og efla rannsóknir á sviðinu. Rannsóknarborðið er samstarfsvettvangur fræðimanna stjórn málafræðideildar og verður áfram í stöðugri þróun.

e. Rannsóknir

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur á undanförunum árum veitt kennurum Stjórn málafræðideildar aðstoð við fjáröflun, þróun og kynningu rannsóknarverkefna. Viðamest hafa verið tvö stór rannsóknarverkefni *Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008* og *Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007-2010*, sem bæði voru unnin í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands.

Á árinu 2010 vann stofnunin að tveimur rannsóknarverkefnum sem var afrakstur samstarfs við Félagsvísindastofnun. Annars vegar hafði stofnunin umsjón með fjölmiðlagreiningu (media analysis) í rannsókninni „*RAPID: A Referendum on Dept: The Political Economy of Icesave*“, en rannsóknin var gerð fyrir University of Colorado at Boulder. Svavar Halldórsson, stjórnsmálafræðingur og MPA, tók að sér að vinna þetta verkefni fyrir hönd stofnunarinnar. Þá starfaði stofnunin með Félagsvísindastofnun og Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum að viðamiklu verkefni fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú Velferðarráðuneytið) við að meta faglegan ávinning af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Á árinu 2010 var hafinn undirbúningur að samstarfi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar að Evrópuverkefni EGOV4U eða „*Rafrænar lausnir fyrir alla*“ sem er þriggja ára verkefni og felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnsýslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu.

f. Stjórnsmál og stjórnsýsla –Veftímaritið – www.stjornmalogstjornsysla.is

Eitt af hlutverkum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála er að stuðla að rannsóknum og faglegri sem fræðilegri umræðu um íslensk stjórnsmál og stjórnsýslu.

Í því skyni hefur stofnunin gefið út Veftímaritið *Stjórnsmál og stjórnsýsla* frá árinu 2005. Tvö tölublöð koma út á ári hverju, í júní og desember og eru þau öllum aðgengileg á vefsíðunni www.stjornmalogstjornsysla.is. Prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnsmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Höfundar efnis eru fræðimenn í stjórnsmálafræði, stjórnsýslufræði, hagfræði, viðskiptafræði, sagnfræði, kynjafræði, lögfræði, félagsfræði, stjórnunarfræði, sálfræði, fötlunarfræði, fjölmiðlafræði og fleiri tengdum greinum. Þá hafa stjórnsmálamenn, embættismenn og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga lagt tímaritinu til efni m.a. í almennum greinum. Bókadómar eru jafnframt fastur þáttur í útgáfunni.

Í tímaritinu eru eftirtaldir efnisflokkar: ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis og bókadómar. Þá er tengill á síðu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála en þar er m.a. að finna upplýsingar um erindi, umræðufundi og námskeið sem á döfinni eru hverju sinni, auk annars. Í tímaritinu er að finna slóðir á útdrætti úr lokaritgerðum háskólanema í stjórnsmála- og stjórnsýslufræðum og stjórnsmála- og stjórnsýslufræðingatal, ásamt tenglum er varða fagsvið stjórnsmála- og stjórnsýslufræða, s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjórnsmálafræðinga og stjórnsýslufræðinga o.fl.

Ritstjórar tímaritsins eru Arnar Þór Másson M.Sc., dr. Gunnar Helgi Kristinsson, dr. Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir MPA. Vefstjóri er dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur. Umsjón með útgáfunni hefur Ásta Möller MPA. Að auki starfar ráðgefandi ritstjórn að tímaritinu, en hennar hlutverk er einkum að ritrýna greinar, skrifa bókadóma og styðja hina almennu ritstjórn. Í henni eiga sæti þau Auðunn Arnórsson, MA í sagnfræði og stjórnsmálafræði, og D.E.E.A í Evrópufræðum, Baldur Þórhallsson, Ph.D. í stjórnsmálafræði, Birgir Hermannsson, Dr.phil í stjórnsmálafræði, Brynhildur Ólafsdóttir, MA í stjórnsmálafræði, Davíð Logi Sigurðsson, MA í írskum fræðum og stjórnsmálum, Eiríkur Bergmann, Ph.D. í stjórnsmálafræði og cand.scient. í alþjóðastjórnsmálum, Grétar Þór Eypórsson, Ph.D. í stjórnsmála- og stjórnsýslufræðum, Guðmundur Heiðar Frímansson, Ph.D.

í siðfræði, Guðni Th. Jóhannesson, Ph.D. í sagnfræði, Gústaf Adolf Skúlason, M.Sc. í milliríkjasamskiptum, Halldór Grönvold, MA í vinnumarkaðsfræðum, Hanna Birna Kristjánsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Helga Jónsdóttir, cand. jur., Hannes H. Gissurarson, D.Phil. í stjórnmálafræðum, Helgi Skúli Kjartansson, cand.mag. í sagnfræði, Indriði H. Indriðason, Ph.D. í stjórnmálafræði, Jóhann M. Hauksson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Ph.D. í upplýsingafræði, Magnús Pétursson, hagfræðingur, Ólafur Þór Gylfason, M.Sc. í aðferða- og tölfræði, Ólafur P. Harðarson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Ólafur Ísleifsson, M.Sc. í hagfræði, Ólafur P. Stephensen, M.Sc. í alþjóðastjórnmálum, Óli Jón Jónsson M.S. í Evrópustjórnmálum, Ómar H. Kristmundsson, Ph.D. í stjórnsýslufræðum, Róbert Ragnarsson, MA í stjórnmálafræði, Silja Bára Ómarsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum, Stefanía Óskarsdóttir, Ph.D. í stjórnmálafræði, Steinunn Halldórsdóttir, EMPA í stjórnsýslufræðum, Svala Ísfeld Ólafsdóttir, cand. jur., diploma í afbrotafræði, BA í frönsku og MA í félagsfræði, Svanborg Sigmarsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Svandís Nína Jónsdóttir, M.Sc. í stjórnmálafræði og doktorsnemi við stjórnmálafræðiskor H.Í., Trausti Fannar Valsson, cand. jur. og Ph.D nemi og Þorsteinn Magnússon, Ph.D. í stjórnmálafræði.

Í 6. árgangi 2010 birtust alls 11 ritrýndar greinar og 9 greinar almenns eðlis. Í desemberhefti tímaritsins birtust jafnframt 14 ritdómar um bækur sem komu út á árinu á sviði stjórnmála og stjórnsýslu. Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir greinar og höfundu efnis í 6. árgangi tímaritsins.

Við opnun á tímaritinu í júní og desember var boðið til útgáfuhófs, þar sem höfundi/höfundum var gefið tækifæri að kynna efni greina sinna og umræður á eftir.

Í tilefni af opnun 1. tbl. 2010 ræddi Jón Sigurðsson, fv. formaður Framsóknarflokksins, efni greinar sinnar *Kosningadagar 2007*, en í henni gerir hann á grein fyrir aðdraganda stjórnarslita Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins vorið 2007 eftir 12 ára ríkisstjórnarsamstarf og fjallar um innanflokksátök í Framsóknarflokki þessu tengd og loks afsögn sína sem formaður flokksins í kjölfarið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ræddi síðan við Jón um efni greinarinnar og sýn hennar á sömu atburði, en hún var varaformaður Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, stýrði fundi.

Í tilefni af opnun á 2. tbl. 6. árg. 2010 ræddi Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, áhugaverðar niðurstöður rannsóknar sinnar um íslenska stjórnmálaflokka sem ber yfirskriftina „*Fjölmennustu flokkar heims. Meðlimaskipulag íslenskra stjórnmálaflokka.*“ Að því loknu fjallaði Sturla Böðvarsson, fv. forseti Alþingis og fv. ráðherra um efni greinar sinnar „*Breytingar á þingskaparlögum og eftirlitshlutverk Alþingis.*“ Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrector Háskólans á Bifröst og fv. alþingismaður, ræddi síðan við Sturlu um efnið. Umræðustjóri var Þorgerður Einarsdóttir, prófessor.

Gert var átak á árinu 2010 að fjölga áskrifendum að tímaritinu til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þess. Tókst vel til og fjölgaði áskrifendum nokkuð, 75 nýir áskrifendur bættust við og voru þeir því orðnir rúmlega 100 talsins í lok ársins.

Í desember 2010 samþykkti Alþingi 500 þúsund króna framlag af fjárlögum 2011 til veftímaritsins. Verður styrkurinn notaður til endurhönnunar á útliti vefsins á árinu 2011.

g. Nýsköpun í opinberum rekstri og nýsköpun í þjónustu við aldraða

Á árinu 2010 var aukin áhersla lögð á að vinna að framgangi hugmynda um nýsköpun í opinberum rekstri. Á vordögum 2010 var undirritað samkomulag milli stofnunarinnar, Rannís og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um samstarf um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri, m.a. með því að standa saman að námskeiðahaldi, ráðstefnum, þróunarverkefnum, rannsóknum og skapa umræðuvettvang fræðimanna og þeirra sem daglega starfa við opinbera þjónustu. Jafnframt tók stofnunin upp samstarf við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Landssamband eldri borgara á haustdögum 2010 um að vinna saman að verkefnum sem lúta að nýsköpun í þjónustu við eldri borgara, m.a. með námskeiðahaldi, ráðstefnum, málþingum og rannsóknarverkefnum.

h. Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga á Íslandi – ECPR

Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga á Íslandi – ECPR verður haldin í Háskóla Íslands dagana 25.- 27. ágúst 2011 og hefur stofnunin umsjón með skipulagningu ráðstefnunnar innanlands í samstarfi við Stjórnmálafræðideild. Áætlað er að um 2300 stjórnmálafræðingar víða að úr heiminum sækji ráðstefnuna. Ráðstefna af þessari stærðargráðu kallar á margra ára undirbúning og miðaði honum vel á árinu 2010.

i. Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, m.a. atburði á hennar vegum. Þar eru einnig að finna upplýsingar um rannsóknaráherslur fræðimanna deildarinnar. Unnið var að endurskoðun á vef stofnunarinnar og birtist hann í nýju útliti á árinu.

Viðauki 1. Atburðir Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2010

Nokkur fjöldi morgunverðarfunda, opinna málþinga, ráðstefna og námskeiða var haldinn á árinu 2010. Þessir atburðir voru iðulega haldnir í samstarfi við ýmsa aðila innan stjórnkerfisins, félagasamtök eða stofnanir innan sem utan Háskóla Íslands. Sóttu þá hátt á þriðja þúsunda manns. Þessir atburðir eru flokkaðir eftir eftirtöldum sviðum:

1. Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar.
2. Stjórn mála, lýðræði og samfélagsleg gildi.
3. Alþjóðamál og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir.
4. Lagarammi opinberrar starfsemi.

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar

18. febrúar 2010. Ráðstefna og vinnusmiðja: Endurskipulagning opinberrar þjónustu

Ráðstefna og vinnustofa haldin í samstarfi við fjármálaráðuneytið, Sóknaráætlun 20/20, Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Fyrirlesarar voru Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Arnar Mátsson fjármálaráðuneyti, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri og Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Síðan voru vinnustofur þar sem þátttakendur lögðu inn hugmyndir að tækifærum í endurskipulagningu og breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ráðstefnustjóri var Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu.

24. febrúar, 24. mars, 21. september og 7. október 2010. Námskeið: Samráð við starfsmenn á erfiðum tímum – Hvaða aðferðir skila árangri?

Aðalkennari var Arndís Ósk Jónsdóttir stjórnunarráðgjafi og gestafyrirlesari Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri. Á námskeiðinu var farið yfir hvernig skilvirk samskipti innan skipulagsheilda eru byggð upp. Kynnt voru mismunandi form og aðferðir samráðs og hvenær þau eiga helst við. Í samvinnu við Háskólann á Akureyri 21. september.

25. febrúar 2010. Morgunverðarfundur: Ávinningur og áskoranir í opinberum rekstri.

Breytingastjórnun – árangur nýsköpunar og breytinga. Í samvinnu við Félag forstöðumanna. Aðalfyrirlesari var Regína Ástvaldsdóttir, skrifstofustjóri borgarstjóra. Aðrir fyrirlesarar voru: Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólastjóri Kvennaskólans, Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla, Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar Norðurlands eystra, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

18. mars 2010. Málþing. Hvernig fáum við það besta út úr heilbrigðiskerfinu?

Í samvinnu við Samtök atvinnulífsins, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Reykjavíkur og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

25. mars. 2010. Morgunverðarfundur: Betri stjórn á útgjöldum ríkisins: Hverju þarf að breyta?

Í samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Ríkisendurskoðun. Markmið fundarins var að fara yfir hvaða leiðir séu færar til að bæta fjárlagaferlið og koma betri stjórn á útgjöld ríkisins. Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, flutti ávarp og aðrir fyrirlesarar voru Sveinn Arason ríkisendurskoðandi, Örn Hauksson, sérfr. í fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Kristján Þór Júlíusson, alþingismaður og nefndarmaður í fjárlaganefnd Alþingis, Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, og Kristinn Hjálmarsson, rekstrarráðgjafi og heimspekingur. Fundarstjóri var Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar.

20. maí 2010. Ráðstefna: Hvernig má standa að nýsköpun í opinberum rekstri og hverju getur hún skilað? – Reynsla annarra þjóða, íslensk dæmi um nýja afurð, ný vinnubrögð, nýja mælikvarða. Í samvinnu við Félag forstöðumanna í tengslum við UT dag 2010. Erindi fluttu Sue Maddock, forstöðumaður The Whitehall Innovation Hub, Ómar H. Kristmundsson prófessor, Jón Ingi Björnsson, frkv.stj Trackwell, Sóley Guðmundsdóttir, frkv. stj. Svæðisskrifstofu fatlaðra á Vestfj., Vigdís Jónsdóttir, frkv.stj. VIRK, Guðmundur Hannesson, forstm. ráðgjafarsviðs Ríkiskaupa, og Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar. Fundarstjóri var Ásta Möller, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða.

15. september 2010. Morgunverðarfundur: Hvernig á að bregðast við niðurskurði næsta árs – Hver er stefna ríkisins? Í samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, fjármálaráðuneytið og Capacent. Fyrirlesarar voru Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Þórhallur Arason, skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins, Vilborg H. Harðardóttir, sviðsstjóri Capacent, Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri og Stefán Eiríksson lögreglustjóri. Fundarstjóri Arnar Jónsson, stjórnsýsluráðgjafi hjá Capacent.

15. september 2010. Málþing: Árangursríkar aðferðir í sparnaði í opinberum rekstri – Margt smátt gerir eitt stórt.

Í samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Capacent. Erindi héldu: Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri, Heiðveig María Einarsdóttir, Veðurstofu Íslands, Þór G. Þórarinsson, félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Jóhanna Hilmarsdóttir, Ríkiskaupum, Magnús Guðmundsson, Landmælingum Íslands, Bragi Guðbrandsson, Barnaverndarstofu, Marta Jónsdóttir frá hjúkrunarheimilinu Sóltúni og Már Vilhjálmsson, rektor MS. Fundarstjóri var Magnús Skúlason frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

22. september 2010. Málþing: Málefni fatlaðs fólks á tímamótum

Haldið í samstarfi við Rannsóknarstofu í fötlunarfræðum, Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Guðbjartur Hannesson, félags og tryggingamálaráðherra, flutti ávarp. Erindi fluttu: Lára Björnsdóttir, sérfræðingur í Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Gyða Hjartardóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristín Kalmansdóttir, Ríkisendurskoðun, Gerður Árnadóttir, Þroskahjálp, Stella K. Víðisdóttir, Reykjavíkurborg, Ómar H. Kristmundsson og Rannveig Traustadóttir frá Háskóla Íslands. Fundarstjóri var Guðmundur Steingrímsson alþingismaður.

13. október 2010. Morgunverðarfundur: Hvaða lærdóm eiga opinberar stofnanir að draga af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis – Hverju þarf að breyta í stjórnsýslunni? Viðbrögð forstöðumanna opinberra stofnana við niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis.

Í samvinnu við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Félag stjórnsýslufræðinga. Erindi héldu: Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, og Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar. Fundarstjóri var Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

10. nóvember 2010. Morgunverðarfundur: Starfsmannamál ríkisins – er breytinga þörf?

Haldinn í samstarfi við Félagi forstöðumanna ríkisstofnana og Ríkisendurskoðun í tilefni af skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið. Ávarp flutti Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra. Erindi héldu: Ingunn Ólafsdóttir, Ríkisendurskoðun, Katrín Ólafsdóttir, lektor HR., Arnar Þór Mátsson frá forsætisráðuneytinu og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneytinu. Fundarstjóri var Óli Jón Jónsson, upplýsingafulltrúi Ríkisendurskoðunar.

15. nóvember 2010. Málþing: Nýsköpun í öldrunarþjónustu: Sjálfstæð búseta með stuðningi – val, sjálfraði, öryggi, stuðningur og eftirlit.

Í samstarfi við Landsamband eldri borgara, Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd, Rannsóknarstofu í hjúkrunarfræði, Rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum. 15 erindi voru flutt, þar á meðal flutti Ásta Möller, forstöðumaður, erindi um nýsköpun í velferðarþjónustu.

24. nóvember 2010. Námskeið: Sáttamiðlun við erfiðar ákvarðanir innan stofnana .

Námskeið fyrir forstöðumenn (+ einn lykilstjórnanda hjá stofnun) í samstarfi við Félag forstöðumanna. Aðalleiðbeinandi Arndís Ósk Jónsdóttir stjórnunarráðgjafi. Gestafyrirlesarar voru Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari og Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri TR.

30. nóvember 2010. Hollusta, traust og starfsandi á tímum breytinga og óvissu – Ráð til stjórnenda og starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum.

Morgunverðarfundur í samstarfi við Félag forstöðumanna. Fyrirlesarar voru: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent, Margrét S. Björnsdóttir aðjúnt, Tómas Bjarnason hjá Capacent og Sigrún Gunnarsdóttir lektor. Fundarstjóri var Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri.

Stjórnmal, lýðræði og samfélagsleg gildi.

21. apríl 2010. Málþing: Af hverju gengur þetta svona hægt? Konur, kosningar og fjölmiðlar.

Í samvinnu við Kynjafræði innan stjórnmalafraeðideildar og blaða- og fréttamennsku innan félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands. Erindi héldu Anna Lilja Þórisdóttir, MA í blaða- og fréttamennslu, Valgerður Anna Jóhannsdóttir, MA í kynjafræði, Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og Óðinn Jónsson, Pétur Blöndal og Ingimar Karl Helgason fréttamenn voru með stutt innlegg.

26.-30. apríl 2010. Opnir hádegisfundir: Uppgjör, ábyrgð og endurmat – lærdómar af skýrslu

rannsóknarnefndar Alþingis. Opnir hádegisfundir í Háskóla Íslands vikuna 26.-30. apríl. Markmið með fundunum var að draga fyrstu lærdóma af niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og koma með ábendingar um mikilvæg framtíðarverkefni. Stofnun stjórnsýslufræða kom að skipulagi þessara funda.

- | | |
|-----------------------|--|
| 26. apríl 2010 | Menning og samfélag- liggja þar rætur hrunsins? Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, opnar fundaröðina. Málshenjendur: Hulda Þórisdóttir, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Hálfðánarson. Fundarstjóri Anna Agnarsdóttir. |
| 27. apríl 2010 | Viðskiptalífið – bankakerfið – hagstjórnin –viðskiptahættirnar, hvað brást? Málshenjendur: Þórólfur Matthíasson, Bjarni Frímánn Karlsson og Salvör Nordal. Fundarstjóri: Vilhjálmur Bjarnason. |
| 28. apríl 2010 | Lögin, eftirlitið og ábyrgðin! Málshenjendur: Eiríkur Jónsson og Þórður Bogason. Fundarstjóri: Björg Thorarensen. |
| 29. apríl 2010 | Höfum við vanrækt ríkið? Ábyrgð stjórnvalda. Málshenjendur: Ólafur Þ. Harðarson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir. Fundarstjóri: Gunnar Helgi Kristinsson. |
| 30. apríl 2010 | Gagnrýnin umræða; hlutverk háskóla og fjölmiðla. Málshenjendur: Vilhjálmur Árnason, Stefán Ólafsson og Valgerður A. Jóhannsdóttir. Fundarstjóri Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. |

21. september 2010. Opinn fyrirlestur: Skál fyrir genunum, peningunum og framtíðinni! – Kynjagreiðing á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Í samvinnu við Stjórn málafræðideild. Dr. Þorgerður Einarsdóttir prófessor og Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir aðjúnkt fluttu fyrirlesturinn.

7. desember 2010. Hádegisfundur: Gunnar Thoroddsen – Hver verður dómur sögunnar? Guðni Th. Jóhannesson ræddi um bók sína um Gunnar Thoroddsen. Sérstakir gestir voru Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson. Fundarstjóri var Hulda Þórisdóttir, lektor við stjórn málafræðideild HÍ.

Alþjóðamál og þjóðfélagsþróun. Fjölpjóðlegar stofnanir

5. október 2010. Opinn fyrirlestur: The Trade That Carried Iceland Into Trouble.

Í samstarfi við ASÍ og Rafiðnaðarsamband Íslands. Fyrirlesari var Dr. Heiner Flassbeck, yfirmaður Division of Globalization and Development Strategies innan Viðskipta- og þróunarstofnunar SP (UNCTAD). Kristín Flygenring og Gylfi Arnbjörnsson voru með stutt innlegg. Fundarstjóri var Gylfi Magnússon dósent.

16. desember 2010. Opinn fyrirlestur: Does Civic Participation Matter for Sustainability in Cities.

Opinn fyrirlestur Emanuel Brunet-Juilly Ph. D í samstarfi við Reykjavíkurborg. Fundarstjóri Óskar Dýrmundur Ólafsson, forstöðumaður hjá Reykjavíkurborg.

Lagarammi opinberrar starfsemi

12. apríl - 18. maí 2010: Námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkisins, ráðuneyta og stofnana. Sex vikna námskeið haldið af forsætisráðuneytinu í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og Félag forstöðumanna. Umsjónar- og aðalkennari er Trausti Fannar Valsson. Aðrir kennarar voru Kjartan B. Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg og fv. aðstoðarmaður umb. Alþingis, Róbert Spanó, settur Umb. Alþingis, Hafsteinn Þ. Hauksson, skrifstofustjóri Umb. Alþingis, og Hafsteinn D. Kristjánsson, lögfræðingur hjá Umb. Alþingis.

13. apríl og 10. nóvember 2010. Námskeið: Ráðning og starfslok starfsmanna ríkisins.

Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana Markmið námskeiðsins var að þátttakendur öðlist haldgóða þekkingu á því hvernig standa ber að öllum helstu ákvörðunum í málefnum opinberra starfsmanna skv. lögum um opinbera starfsmenn og stjórnsýslulögum. Kennari var Kjartan B. Björgvinsson.

11. nóvember 2010. Námskeið: Upplýsingaréttur almennings; Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga. Kennari var Kjartan B. Björgvinsson, lögfræðingur.

Viðauki 2. Greinar birtar í Stjórnámál og stjórnsýsla-vefrit- 1. og 2. tbl. 6. árgangur 2010:

Greinar birtar í 1. tbl. 6. árgangur 2010:

Fræðigreinar:

1. **Gildissvið upplýsingalaga.** Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA-dómstólinn.
2. **Bankahrun, ímynd og traust.** Þórhallur Guðlaugsson, dósent við viðskiptafræðideild H.Í., og Friðrik Eysteinnsson, aðjúnkt við viðskiptafræðideild H.Í.
3. **Hvað er umhverfi? Um hugtökin umhverfi og umhverfisáhrif í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 671/2008.** Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík.
4. **Áhrif femínisma á utanríkisstefnu Íslands 1999-2009.** Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt við stjórn málafræðideild H.Í.
5. **Jafnréttisfræðsla í skólum – Frá dauðum lagabókstaf til jákvæðrar aðgerðaskyldu.** Eygló Árnadóttir, MA í kynjafræði, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Almennar greinar:

1. **Kosningadagar 2007 – Minningar – greining – mat – uppgjör.** Jón Sigurðsson, þáv. iðnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins.
2. **Stefnumótun í löggæslumálum – Hlutverk og tillögur verkefnanefnda.** Pétur Berg Matthíasson, stjórn mála – og stjórnsýslufræðingur, embætti ríkislögreglustjóra.
3. **Skatteftirlit í aðdraganda hrunsins Skattsvik í boði hverra?** Jóhannes Hraunfjörð Karlsson, skattasagnfræðingur, MBA.
4. **Örugg netföng –um þjóðarnetföng.** Haukur Arnþórsson, Ph.D.

Bókadómar: Engir bókadómar voru í 1. tbl. 2010

Greinar birtar í 2. tbl. 6. árgangur 2010:

Fræðigreinar:

1. **Fjölmennustu flokkar heims Meðlimaskipulag íslenskra stjórn málaflókka** Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ.
2. **Lög á verkföll á Íslandi 1985-2010 Um forsendur lagasetningar .** Friðrik Friðriksson, hdl. og MS í mannauðsstjórnun og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ.
3. **Nýtt norrænt jafnvægi Öryggisstefnur Norðurlandanna og áhrif þeirra á Ísland** Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, og Baldvin Þór Bergsson, M.Sc. í alþjóðakenningum.
4. **The Missing Link in EU Democracy? Why a Transnational Public Sphere Matters** Maximilian Conrad, lektor við Stjórn málafræðideild HÍ.
5. **Íslensk vinnustaðamenning Skýr og markviss stefna en skortur á samhæfingu og samþættingu.** Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ, Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ, og Ester Rós Gústavsdóttir, verkefnisstjóri HÍ.
6. **Ákvarðanatataka skipulagsheilda. Samanburður einkafyrirtækja og opinberra stofnana.** Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, og Ása Líney Sigurðardóttir, B.Sc. í viðskiptafræði.

Almennar greinar:

1. **Breytingar á þingskapalögum og eftirlitshlutverk Alþingis.** Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis.
2. **Stjórnlagabing, fjölmiðlar og frambjóðendur.** Rannsókn á kynningarmálum frambjóðenda fyrir stjórnlagabingskosningar 2010. Birgir Guðmundsson, dósent Háskólanum á Akureyri.
3. **Mótun atvinnustefnu: Horft til framtíðar – vegvísir til bættra lífskjara, sjálfbærni og samkeppnishæfni.** Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands,
4. **Starfsumhverfi hins opinbera – Hlutverk stjórnenda og viðhorf starfsmanna.** Gylfa Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ.
5. **Starfsréttindi MPA náms?** Jón Egill Unndórsson, stjórnsýslufræðingur MPA.

Bókadómar:

1. **Gunnar Thoroddsen-ævisaga** eftir Guðna Th. Jóhannesson. Bókadómur eftir Ólaf Þ. Harðarson, stjórn málafræðing.
2. **Stormurinn-reynslusaga ráðherra** eftir Björgvin G. Sigurðsson. Bókadómur eftir Davíð Loga Sigurðsson, sagnfræðing.
3. **Allt í öllu-hlutverk fræðslustjóra 1975-1996** eftir Børk Hansen og Ólaf H Jóhannesson. Bókadómur eftir Hauk Arnþórsson, stjórnsýslufræðing.
4. **Guðrún Ögmundsdóttir-hjartað ræður för** eftir Höllu Gunnarsdóttur og Guðrún Ögmundsdóttur. Bókadómur eftir Ólöfu Ýrr Atladóttur, stjórnsýslufræðing.
5. **Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar** eftir Sigrúnu Pálsdóttur. Bókadómur eftir Silju Báru Ómarsdóttur, stjórn málafræðing.
6. **EFTA 1960-2010-Elements of 50 years of European History** eftir Kåre Bryn og Guðmund Einarsson. Bókadómur eftir Kjartan Emil Sigurðsson, stjórn málafræðing.
7. **Eilífðarvælin-uppgjör við nýrjalshyggjuna** eftir Kolbein Stefánsson. Bókadómur eftir Jóhannes Hraunfjörð Karlsson.
8. **Árni Matt-fra bankahruni til byltingar** eftir Þórhall Jóseppson og Árna M. Mathiesen. Bókadómur eftir Ólaf Ísleifsson, hagfræðing og lektor við HR.
9. **Ragnarsbók-fræðirit um mannréttindi** eftir Brynhildi G. Flóvenz ofl. Bókadómur eftir Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, sérfræðing við lagadeild HR.
10. **Möðruvallahreyfingin-baráttusaga** eftir Elías Snæland Jónsson. Bókadómur eftir Bolla Héðinsson, hagfræðing.
11. **Hrunadans og horfið fé** eftir Styrmi Gunnarsson. Bókadómur eftir Guðna Th. Jóhannesson, sagnfræðing.
12. **Ferðadagbækur Magnúsar Stephensen 1807-1808** eftir Önnu Agnarsdóttur og Þóri Stephensen. Bókadómur eftir Helga Skúla Kjartansson, sagnfræðing.
13. **Samstarf á Austurlandi – saga Fjórdungspings Austfirðinga og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi** eftir Smára Geirsson. Bókadómur eftir Gunnlaug Júlíusson, hagfræðing.
14. **Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld** eftir Margréti Guðmundsdóttur. Bókadómur eftir Kristínu Ástgeirsdóttur, sagnfræðing.